

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. maí 2011
2011040023/42-1-1
TB
jgo/tb

**Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
(hreindýraveiðar), 707. mál**

Vísað er í til tölvupósts/bréfs frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (hreindýraveiðar), 707. mál.


Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangrein frumvarp og telur það vera mjög til bóta og stuðli að betri umgengni við náttúru landsins. Náttúrufræðistofnun vill þó benda á tvö atriði sem geta verið erfið í framkvæmd þar sem lögin eiga að öðlast þegar gildi. Í fyrsta lagi segja lögin ekkert um hvernig eigi að taka á réttindum þeirra leiðsögumanna sem þegar hafa réttindi sem ekki eru í samræmi við þetta frumvarp og hafa ekki farið á endurmenntunarnámskeið og í öðru lagi er búið að úthluta hreindýraveiðileyfum í ár og það getur reynst mörgum erfitt að ná að fara í skotpróf fyrir 1. júlí, t.d. vegna sumarfría, en engin skotpróf hafa verið auglýst eðli málsins samkvæmt þar sem lögin hafa ekki tekið gildi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson

forstjóri



Trausti Baldursson

